

**Samvinna við innleiðingu á grunnþáttum
menntunar sem leiðarljós við endurskoðun á
skólanámskrá.**

Virkt lýðræði, mannréttindi og samskipti í skólum.

**Lokaskýrsla til Sprotasjóðs
Verkefni nr. 167.2012-2013**

**Júní 2013
Svala Hreinsdóttir verkefnisstjóri
Fjölskyldusviðs Akraneskaupstaðar**

Nafn skóla: Brekkubæjarskóli

Nafn verkefnisins: Samvinna við innleiðingu á grunnþáttum menntunar sem leiðarljós við endurskoðun á skólanámskrá. Virkt lýðræði, mannréttindi og samskipti í skólum.

Nafn verkefnisstjóra: Svala Hreinsdóttir verkefnisstjóri fjölskyldusviðs

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: 167.2012-2013

Markmið verkefnis

Markmið verkefnisins er að grunnskólarnir á Akranesi, Brekkubæjarskóli og Grundaskóli, vinni sameiginlega að innleiðingu á grunnþáttum menntunar, virku lýðræði, mannréttindum og jafnrétti fyrir grunnskóla Akraneskaupstaðar með hliðsjón af nýrri menntastefnu.

Markmiðið er einnig að efla enn frekar samstarf grunnskólana á Akranesi og nýta þannig krafta heildarinnar við vinnslu á grunnhugmyndum um virkt lýðræði, mannréttindi og jafnrétti við endurskoðun á skólanámskrám sem byggðar verða á ramma nýrrar aðalnámskrár grunnskólanna.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiðum verkefnisins

Verkefnið var samstarfsverkefni milli Brekkubæjarskóla, Grundaskóla og Frístundamiðstöðvarinnar Þorpsins undir verkefnastjórn fjölskyldusviðs. Unnið var út frá þeirri verkáætlun sem lögð hafði verið fram til Sprotasjóðs. Fulltrúar samstarfsaðila, kennarar á unglíngastigi, verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnarmála og verkefnisstjóri fjölskyldusviðs, funduðu reglulega yfir skólaárið og fylgdu þannig hverjum verkþætti eftir.

Leiðir sem voru farnar:

1. Námskeið í Þorpinu fyrir kennara á unglíngastigi um notkun Kompás handbókarinnar um mannréttindafræðslu. Boðið var upp á námskeið fyrir kennara í notkun Kompás handbókarinnar og einnig Compasito sem er samskonar efni sérsniðið fyrir yngri nemendur. Með námskeiðinu fengu kennarar verkfæri í hendurnar og leiðir til að vinna út frá við innleiðingu á grunnþáttunum, lýðræði og mannréttindi sem mun auðvelda þeim þá vinnu að horfa á grunnþætti menntunar sem hluta af öllu skólastarfi
2. Vinnustofa fyrir kennara með leiðbeinendum um Kompás handbókina. Kennarar sóttu vinnustofu þar sem þeir styrktu og þjálfuðu sig í notkun efnisins og nýta þau verkefni sem er að finna í handbókinni.
3. Lífsstílsbraut – unnið með Kompás efnið í samskiptaleikjum og í umræðum með nemendum á lífsstílsbrautinni

4. Þema á unglíngastíginu – stuðst við Kompás handbók um mannréttindafræðslu. Sérstaklega var unnið með mannréttindi og lýðræði, „Ég og allir hinir“. Unnið var með réttindi og skyldur, minnihlutahópar, líkama og sál, barnaþrælkun, fjölmiðla, mannréttindasamtök, steríótýpur og ákveðnar greinar úr barnasáttmálanum
5. Þemavinna á unglíngastígi – unnið með hugtökin virkt lýðræði, mannréttindi og jafnrétti í tengslum við kennsluaðferðina „Orð af orði“
6. Samskiptadagur/skiptidagur hjá báðum skólunum (Brekubæjarskóla og Grundaskóla). Á vorönn var unnið sameiginlega með unglíngastígum beggja skólanna með samskiptadegi nemenda/skólaskiptum en í þeirri vinnu var stuðst við Kompás efnið. Nemendur unnu saman með hugtökin mannréttindi og lýðræði út frá ýmsum sjónarmiðum. Þar var einnig unnið með jafningjafræðslu, með áherslu á að ýta undir sjálfbæra menntun nemenda sem felst m.a. í að skapa samábyrgt samfélag
7. Samvinna kennara á unglíngastígi á deildarfundum. Unnið að endurskoðun á skólanámskrá

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Helstu frávik miðað við áætlun verkefnisins voru þau að ekki var hægt að bjóða upp á sérsniðið Kompásnámskeið fyrir nemendur. Þess í stað nýttu kennarar Kompás verkfærin enn frekar í vinnu með nemendum og ákveðið var að bjóða upp á samskiptadag/skólaskipti milli unglíngadeilda skólanna í stað þessa verkþáttar. Til að bregðast við þessu frávikum var einnig ákveðið að bjóða nemendum úr báðum grunnskólum Akraneskaupstaðar auk nemendum framhaldsskólans FVA, á námskeið á vegum UNICEF um Barnasáttmálan og umræðu um leiðir til að innleiða hann í bæjarfélaginu. Nemendur unnu með efnið í samvinnu við verkefnisstjóra æskulýðs- og forvarnarmála. Annars vegar með innlegg í mótun mannréttindastefnu og hins vegar þar sem þau flutt mál sitt og lögðu fram ýmsar tillögur og fyrirspurnir fyrir kjörna bæjarfulltrúa á bæjarstjórnarfundum ungafólksins sem haldinn var á haustönn 2013. Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna var ræddur en framundan eru ýmis verkefni sem koma þarf í farveg bæði hvað varðar fræðslu og hvaða leiðir verða farnar til að leita eftir sjónarmiðum barna og ungmenna um málefni sem þeim tengjast.

Áhersla verður lögð á að bjóða nemendum á Kompás námskeið á næstu misserum í samvinnu við námskeiðshaldara.

Helsti ávinningur

Helsti ávinningur verkefnisins má nefna að samtarf skólanna og Þorpsins jókst til muna en það var einmitt annað af þeim markmiðum sem stefnt var að í upphafi. Þróunarverkefnið er eitt af þeim skrefum sem tekin eru í því að innleiða grunnþætti menntunar inn í skólastarfið og við endurskoðun á skólanámskrá. Áfram verður unnið með þessa þætti þannig að þeir myndi samfellu í öllu skólastarfi.

Segja má að afrakstur verkefnisins að hafi einnig falist í því að ráðist var í endurskoðun á vallýsingu og endurskipulagningu á lífsstílsbraut í Grundaskóla í samvinnu við Frístundamiðstöðina Þorpið. Markmið brautarinnar er að nemendur læri að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl; andlegan, líkamlegan og félagslegan. Þróunarverkefnið ýtti undir frekari innsýn og fjölbreyttari leiðir sem kennarar geta nú valið til að vinna með nemendum í grunnþáttum menntunar, s.s. lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð. Endurskoðun á lífsstílsbrautinni felur í sér að enn frekari áhersla er lögð á mannréttindafræðslu í víðum skilningi.

Eftirfarandi markmið hafa verið sett fram:

- Að efla vitund um mannréttindamál og auka skilning á þeim svo fólk átti sig á því þegar mannréttindi eru brotin
- Að byggja upp hæfni og kunnáttu sem er nauðsynleg til þess að vernda mannréttindi
- Að skapa viðhorf þar sem virðing er borin fyrir mannréttindum þannig að fólk brjóti ekki af ásetningi á réttindum annarra

Unnið er með lykilhugtök eins og frelsi, réttlæti, jafnræði, mannvirðing, jafnrétti, lýðræði, réttindi og ábyrgð. Þá eru kynntir helstu alþjóðlegu sáttmálar sem gerðir hafa verið í því skyni að vernda mannréttindi, svo sem mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmálinn ofl.

Gengið er út frá því að ekki sé verið að kenna“ börnum og ungmennum hæfni eins og samskiptahæfni, gagnrýna hugsun, einurð, umburðarlyndi og virðingu heldur læri þau og tileinki sér með reynslu. Því eru notaðar margþættar aðferðir eins og þátttöku og samvinnu í námi sem og reynslunám. Unnið er með verkefni úr Kompás handbókinni og Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna.

Það sem af er hefur þessi samvinna og áhersluatriði reynst vel. Sífellt er miðlað af þeirri reynslu til samstarfsaðila.

Mat á verkefninu

Það er mat samstarfsaðila að verkefnið hafi gengið vel þó svo að breyta hafi þurft verkáætlun á miðri leið. Verkefnið fell vel inn í þá vinnu sem unnin var í skólunum s.s. þemavinnu, lífstílsbraut og myndaði þannig samfellu í skólastarfinu. Starfsfólk og nemendur munu nýta afraksturinn til áframhaldandi vinnu og sem grunn að endurskoðaðri skólanámskrá sem skólarnir munu aðlaga sínum áherslum og einkennum. Það er mat samstarfsaðila að verkefnið hafi skilað meiri skilningi meðal nemenda á hugtökunum virkt lýðræði, mannréttindi og jafnrétti svo og meðal kennara. Einnig hafa skapast nýjar leiðir sem hægt er að fara með vinnu og innleiðingu þessara grunnþátta í skólastarfi. Þróunarverkefnið náði til kennara á unglingastigi en öllum kennurum var kynnt verkefnið á ýmsum stigum þess yfir skólaárið.

Verkefnið hefur að sama skapi nýst vel í þá vegferð sem Akraneskaupstaður og Rauði krossinn á Akranesi hófu sl. sumar við umfangsmikla stefnumótun í mannréttindamálum. Þróunarvinnan sl. vetur lagði grunn að því að efla nemendur og kennara til þátttöku í því sem einum af þeim fjölmörgu hagsmunaaðilum sem leitað var til í þeirri vinnu.

Niðurstöður

Það er mat samstarfsaðila að markmiðum sem sett voru í upphafi verkefnisins hafi verið náð. Almenn ánægja var með verkefnið, góð þátttaka kennara og nemenda. Verkefnið var unnin jafnt og þétt með nemendum og afrakstur þess kynntur skólastjórnendum. Endurskoðun á námskránum er ekki lokið í grunnskólunum en þetta þróunarverkefni var gott framlag í þá vinnu.

Samstarfsaðilar eru einnig ánægðir með hvernig afrakstur verkefnisins hefur skilað sér í frekara samstarfi og nýju tilraunaverkefni, eflingu lífstílsbrauta. Það tilraunaverkefni hefur heppnast mjög vel og verður þróað áfram innan og á milli grunnskólanna.

Samstarfsverkefni sem þetta er góður grunnur að áframhaldandi starfi innan og milli skólanna í umræðunni um virkt lýðræði, mannréttindi og jafnrétti og hvernig hægt verður að flétta það inn í allt skólastarf.

Akranesi 27. júní 2013

Undirskrift verkefnisstjóra

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla